

stöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar brúnabótamat hússins hefur verið framkvæmt. 149
16. febr.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt kr. 25.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur, nr. 255 20. nóv. 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

150
29. maí

um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948.

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Söluturnum, sem fengið hafa sérstakt leyfi bæjarráðs, má halda opnum til sölu blaða, tímarita, frímerkja, bréfsefna, sælgætis í umbúðum, gosdrykkja og tóbaksvara, sem hér segir:

Á virkum dögum frá kl. 8 til 23.30.

Á helgidögum, eingöngu til blaðasölu, frá kl. 8 til kl. 11 og frá kl. 15 til kl. 23.30. Þó skal lokað á föstudaginn langa, páskadag, jóladag, hvítasunnudag og aðfangadag jóla eins og venjulegum sölubúðum.

Bæjarráð getur bundið leyfi samkvæmt 1. mgr. þeim skilyrðum, er það telur nauðsynlegt, og ákveðið árlegt gjald í bæjarsjóð fyrir hvert leyfi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi,

150 Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt
29. maí lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1952.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Gísli Jónasson.

151
8. júlí

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hnífsdalskauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn nær yfir skipalægið meðfram strandlengju verzlunarlóðarinnar, þ. e. frá Skarfaskeri að utan, að innri takmörkum bryggjulandsins að innan.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar, hafnarsjóð o. fl.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps hefur á hendi yfirstjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins. Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Eyrarhrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd og jafnmarga til vara. — Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Þá annast hafnarnefnd reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs. Oddviti Eyrarhrepps er hverju sinni sjálfkjörinn formaður hafnarnefndar. Heimilt skal hreppsnefnd að velja einn hafnarnefndarmann af þremur utan hreppsnefndar.

Heimilt er hreppsnefnd að ráða hafnarvörð eftir tillögu hafnarnefndar og ákveða laun hans. Hafnarnefnd setur honum erindisbréf.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan rekstur þeirra, skal stofna hafnarsjóð.

Í hafnarsjóð renna allar þær tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í reglugerð þessari. Halda skal reikning yfir allar tekjur hafnarsjóðs og gjöld. Við lok hvers reikningsárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlök næsta reikningsárs. Reikningar hafnarsjóðs skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

4. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.